

Yurt, asískt tjald (hirðingjatjald)




Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð skv. 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann..........................

Hnitaskrá:

p1: X=440656.03 Y=423785.99
p2: X=440711.06 Y=423892.36
p3: X=440795.69 Y=423885.40
p4: X=440724.82 Y=423763.91
p5: X=440681.05 Y=423786.56
p6: X=440675.53 Y=423775.90

Teiknað og hnitasett eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf
Öll hnit eru isn93 og hafa nákvæmni innan við metir í plani.

Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.i.
Laugaveg 13 101 Reykjavík
Sími: 562-4140 ima@simnet.is

# Kjóastaðir II í Biskupstungum

# Deiliskipulag fyrir asísk tjöld (ferðaþjónusta bænda)

## Mkv: 1 : 2.000 (A3)

## 30. apríl 2018

Skilmálar:

1. gr. Deiliskipulagið er í samræmi við staðfest aðalskipulag Biskupstungnahrepps
2. gr. Hér er um að ræða 9.490 fm lóð ætluð undir ferðaþjónustu bænda. Lóðin er gamalt flatlent tún og er í um 200 m y. s. m.
3. gr. Á lóðinni er gert ráð fyrir að heimilt verði að reisa 10 tjöld eða svokölluð yurts sem eru asísk tjöld (hirðingjatjöld), sem ætlunin er að nýta undir ferða-þjónustu (útleigu). Þessi tjöld er hægt að nota allt árið um kring. Tjöld þessi er auðvelt að hita upp og þau eru sérstaklega hönnuð til að þola mikinn vind, rigningu og snjó. Tjöldin er hægt að setja upp og taka niður á mjög skömmum tíma (ca. 2 klst.). Flatarmál hvers tjalds er um 30 fm.
4.gr. Ekki er gert ráð fyrir salerni í hverju tjaldi, en á lóðinni er afmarkaður um 100 fm byggingarreitur þar sem heimilt er að reisa allt að 50 fm hús undir salernisaðstöðu og sturtur sem þjóna munu öllum tjöldunum. Frárennsli mun tengjast inn á rotþró, sem verður sameiginleg fyrir allt svæðið (sjá uppdrátt).
5.gr. Aðkoma að svæðinu er frá Kjóastaðavegi. Gert er ráð fyrir bílastæðum syðst á lóðinni.
6.gr. Neysluvatn er fengið úr vatnsveitu sveitarfélagsins.
7.gr. Á svæðinu er gert ráð fyrir rotþró og er hún sýnd á uppdrætti.
8.gr. Losun sorps er samræmi við samþykktir sveitarfélagsins hverju sinni
9.gr. Brunavarnir eru frá Brunavörnum Árnessýslu.
10.gr. Ef vart verður við fornleifar við uppgröft skal skýra fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er.




Hluti úr Aðalskipulagi Biskupstungna 2000-2012